

Vd.

407. Frumvarp

til laga um slysatrygging sjómanna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skylt skal að tryggja gegn slysum (sbr. 5. gr.) hjerlenda sjómenn, þá er hjer greinir:

1. farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á íslensk skip,
2. fiskimenn á vjelbátum og róðrabátum, fjórrónum eða stærri, er stunda fiskveiðar eina vertíð á ári eða lengur.

2. gr.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir skipverja samkvæmt 1. gr., hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu.

Þegar formaður á vjelbát eða róðrabát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn

gengur, skrá yfir skipverjana ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar, stjórn þeirri, sem nefnd er í 8. gr. laga þessara.

3. gr.

Fyrir hvern, sem trygður er samkvæmt lögum þessum, er skylt að greiða í slysaftryggingarsjóð þann, er siðar getur um, iðgjald er nemur 70 auru fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og reiknast iðgjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Annan helming iðgjaldsins greiði sá, sem trygður er, en útgerðarmaður hinn. Þó skulu útgerðarmenn róðrabáta að eins greiða 10 auru vikugjald fyrir hvern skipverja, og útgerðarmenn vjelbáta, sem eru minni en 12 lestir, að eins 20 auru, en það, sem á vantar fult iðgjald (25 auru eða 15 auru á viku fyrir hvern) greiðist úr landssjóði. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin, bæði sinn hluta og hluta skipverjanna; þann hluta iðgjaldanna, sem útgerðarmaður hefir goldið fyrir hönd skipverja, fær hann endurgreiddan af kaupum þeirra eða hlut. Gjald þetta greiðist þegar lögskráning fer fram, og má taka það lögtaki. — Formaður vjelbáts eða róðrabáts greiðir iðgjöldin fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum skipverjanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar iðgjöldunum í slysaftryggingarsjóð samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Honum ber 3% í innheimtulaun af skipum, sem lögskráð er á, og 6% af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir, og gengur helmingur gjaldsins til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

4. gr.

Peir, sem stunda fiskveiðar á róðrabátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögnum, hafa rjett til þess að tryggja sig í slysaftryggingarsjóði á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn 35 auru iðgjaldi á viku, og greiðist þá einnig úr landssjóði 35 auru á viku fyrir hvern þeirra.

5. gr.

Verði sjómaður fyrir slysi á sjó á vátryggingartímabilinu, eða þegar hann er á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfan sig, í erindum, sem leiða af starfi hans sem sjómanns, skal úr slysaftryggingarsjóði greiða upphæðir þær, er hjer segir.

- a. Verði sá, er fyrir slysi varð, að læknis dómi algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, ber að greiða honum 2000 krónur, en að því skapi lægri upphæð, sem minna skortir á, að hann sje til fulls vinnufær, og ekkert, ef minna skortir en að $\frac{1}{6}$ hluta.
- b. Valdi slysið dauða innan eins árs frá því að slysið varð, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum 1500 kr.

Rjett til skaðabótanna hafa vandamenn í þeirri röð sem hjer segir:

1. Ekkja hins látna, hafi þau gifst áður en slysið varð og samvistum þeirra hafi þá eigi verið slitið.

2. Börn hins látna, skilgetin og óskilgetin, hafi á honum hvílt framfærslu- eða meðgjafarskylda gegn þeim.
3. Foreldrar hins látna.
4. Systkin hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Hljóti ekkja skaðabæturnar, skal að auki greiða 100 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; enn fremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 200 kr., er ekkja fær skaðabæturnar. Sje að eins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 100 kr. í viðbót; þó skal engin viðbótarupphæð greidd ef eitt barn fær skaðabæturnar.

Frá skaðabótunum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þá upphæð, er greidd hefir verið þeim sjálfum, er fyrir slysinu varð, samkvæmt a-lið.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rjett til að skerða neitt skaðabætur þær, er greiddar eru samkvæmt þessum lögum, og ekki má leggja á þær löghald nje í þeim gera fjárnám eða lögtak.

6. gr.

Skaðabótakrafa skal svo fljótt sem auðið er send sýslumanni (bæjarfógeta) eða hreppstjóra, áleiðis til sýslumanns, í síðasta lagi innan árs frá því slysið varð eða hlutaðeigandi vandamenn fengu vitneskju um það. Sýslumaður (bæjarfógeti) skal svo senda kröfuna hið fyrsta til stjórnar slysatryggingarsjóðsins, ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

7. gr.

Undir eins og stjórn slysatryggingarsjóðsins hafa borist nægar upplýsingar um slysið, úrskurðar hún hvort greiða skuli skaðabætur fyrir það og ákveður upphæð skaðabótanna. Úrskurðir sjóðsstjórnarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

8. gr.

Slysatryggingarsjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum, er stjórnarráðið skipar til 3 ára í senn. Stjórnarráðið hefir yfirumsjón með stjórn sjóðsins. Kostnaðurinn við stjórn sjóðsins greiðist úr landssjóði.

9. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 30000 kr., að slysatryggingarsjóðurinn standi í skilum. Slysatryggingarsjóðurinn tekur við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 53, 30. júlí 1909. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin.

10. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar slysatryggingarsjóðsins.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 5–100 kr. sektum, sem renna að hálfu

**í slysátryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Með
mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.**

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1918.